



Ríkisútvarpið  
Rakel Þorbergsdóttir fréttastjóri  
Efstaleiti 1  
150 Reykjavík

Akureyri, 10. nóvember 2019

## **Efni: Svar við svarbréfi RÚV vegna fyrirhugaðrar umfjöllunar fréttaskýringaþáttarins Kveiks**

Við vísum til bréfs þíns dags. 9. nóvember síðastliðinn. Við höfum móttengið þá afstöðu fréttastjóra RÚV að það sé í senn „fráleitt“ og óeðlilegt að hitta Samherja á fundi til að fá bakgrunnsupplýsingar. Við göngum þar með út frá því að RÚV samþykki ekki sambærilegar viðræður vegna bakgrunnsupplýsinga með öðrum heimildarmönnum í þessu máli. Þar sem RÚV staðhæfir að fréttamenn á þess vegum stundi blaða- og fréttamennsku í samræmi við ströngustu siðareglur þá gerum við að sjálfsögðu ráð fyrir því að Samherji fái sömu tækifæri og aðrir þegar umfjöllun er annars vegar.

Þar sem fulltrúar RÚV telja sér ekki fært að ferðast til Lundúna til að hitta okkur þá munum við að sjálfsögðu bjóðast til að hitta ykkur á fundi í Reykjavík. Eina ástæða þess að við vildum halda fundinn í Lundúnum var sú að við eigum einnig í viðræðum við Al Jazeera, eins og ykkur er kunnugt um, og við vildum veita bæði RÚV og Al Jazeera færi á að fá upplýsingar samtímis um allar staðreyndir málsins. Af þessari ástæðu töldum við hagræði í því að halda fundina á sama stað.

Við höfum undir höndum upplýsingar sem við vitum að munu breyta þeirri frétt sem Kveikur hyggst birta. Að hluta til er um að ræða mjög viðkvæmar upplýsingar sem varða persónuleg málefni eins fyrrverandi starfsmanns og einnig upplýsingar um mögulega ólögmdæta háttsemi sem hann og erlendir ríkisborgarar viðhöfðu. Við göngum út frá því að þið mynduð virða það við Samherja, sem ætíð hefur reynt að sinna sinni starfsemi af mikilli kostgæfni og bestu getu, að sýna varkárni og deila ekki þessum upplýsingum með almenningi að svo stöddu. Við erum hins vegar reiðubúin að deila þessum upplýsingum með ykkur en aðeins undir þeim formerkjum sem nefnd eru framar.

RÚV getur að sjálfsögðu kosið að hafna því að fá þessar upplýsingar afhentar en þá mun fréttastofan birta umfjöllun sem er efnislega röng, villandi og ekki byggð á öllum staðreyndum. Það er á ykkar ábyrgð.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Már Baldvinsson  
forstjóri Samherja